



GILDANDI DEILISKIPULAG

Röndin - fiskeldisstöð á Kópaskeri

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

- Byggingarreitur A1 (Kerjapallur/fiskeldisker, eldishús og þjónustubygging) er 191x40m að stærð. Sú breyting er gerð að byggingarreiturinn breiðkar um 2m í hvora átt og verður því 44m að breidd en lengd hans verður óbreytt.

Skilmálar sem gilda innan byggingarreits verða óbreyttir.

Tengsl við aðrar áætlanir

Breyting á deiliskipulagi er í samræmi við Aðalskipulag Norðurlþings 2010-2030 og fellur að þeim markmiðum sem sett eru fram í aðalskipulaginu.

Þá er uppbygging skv. breytingu á deiliskipulagi í samræmi við gildandi starfsleyfi sem nær til ársloka 2027.

Umhverfisáhrif

Ekki er talið að breyting hafi verulega umhverfisáhrif þar sem aðeins er verið að breikka byggingarreit lítilsháttar en skilmálar eru óbreyttir.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 02.04 2020, m. s. br.



BREYTT DEILISKIPULAG

Gildandi skilmálar:

A1 - Kerjapallur/fiskeldisker, eldishús og þjónustubygging


Veggghæð kerja frá botni skal að hámarki vera 8,0 m og skal botn kerja frá óhreyfðu landi vera að hámarki 1,0 m.

Heimilt er að byggja tvö skýli eða hús fyrir öll ker innan byggingarreits, eitt skýli eða hús fyrir hvorn kerjapall. Veggghæð skýla eða húsa má vera allt að 9,5 m, þau skulu vera með mænispaki og mænishæð að hámarki 12,5 m frá botni kerja. Þá er heimilt að byggja þjónustuhús innan byggingarreitsins sem er annaðhvort stakstætt á milli eldishúsa eða sambyggt öðru eldishúsinu. Hámarksstærð þjónustuhúss er 800 m² og ef það er stakstætt er hámarks mænishæð 8,5 m og hámarks veggghæð 5,5 m, en ef þjónustuhús er sambyggt húsi yfir ker er hámarks mænishæð 12,5 m og hámarks veggghæð 9,5 m.

Mænisstefna skal vera sú sama á öllum skýlum eða húsum innan byggingarreita A og A1.

Þak- og veggfletir skulu vera í brúnum, gráum, grænum eða öðrum náttúrulegum tónum. Þá skal við hönnun skýla eða húsa yfir fiskeldisker tekið mið af umhverfinu til að mannvirki falli sem best að landslagi.

Staðsetning mannvirkja innan byggingarreits er frjál.



HLUTI AÐALSKIPULAGS NORÐURLÞINGS 2010-2030
KÓPASKER

SKÝRINGAR

— MÖRK SKIPULAGSSVÆDIS

--- LÓBARMÖRK

--- BYGGINGARREITIR

A = KERJAPALLUR/FISKELDISKER, ELDISHÚS

A1 = KERJAPALLUR/FISKELDISKER, ELDISHÚS OG ÞJÓNUSTUHÚS

B = ÞJÓNUSTUHÚS

C = FÓÐURSÍLÓ

D = SEYRUTANKAR

--- NÝTINGARLAND VATNSTÖKU

--- NÚVERANDI BYGGINGAR

--- ÞJÓNUSTUVEGUR / BÍLASTÆDI

--- FJARLÆGDARTAKMÖRK

--- ÚTIVISTARSTÍGUR

--- HITAVEITULÖGN

--- FRÁVEITA

--- SVÆDI Á NÁTTÚRUVERNDARSKRÁ

--- SVÆDI UNDIR HVERFISVERND

--- LÓBARSTÆRD

--- ROTÞRÓ

UNNIÐ FYRIR: FISKELDI AUSTFJARÐA HF



NORÐURLÞING - KÓPASKER RÖNDIN FISKELDISSTÖÐ - DEILISKIPULAG BREYTING Á DEILISKIPULAGI

KVARDI-A2:	1:1000	TEIKN NR:	
DAGS:	30.06.2023	HANNAD:	Ói
FLOKKUR:	6100	TEIKNAD:	Ói/ri
SKRÁ:		VERKNR:	19005



LANDSLAGSARKITEKTARFÍLA
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 11, 101 REYKJAVÍK, SÍMI: 5355300, FAX: 5355301
VEFFANG: WWW.LANDSLAG.IS / NETFANG: LANDSLAG@LANDSLAG.IS

0 20 40 60 80 100
1:1000

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR
MÁLSMEDFERÐ SKV. 2. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA

NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN

ÞANN _____

SVEITARSTJÓRI NORÐURLÞINGS

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI ÖDLAÐIST GILDI MED
AUGLÝSINGU Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN _____